

## AUGLÝSING

25

29. febr.

um staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um breytingu á lögreglu-samþykkt fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá 31. marz 1928.

Fyrsta málsgr. 7. gr. orðist svo: 1. gr.

Bönnuð er notkun hvers konar skotvopna við fugladráp á Heimaey. Enn fremur er bönnuð notkun skotvopna á innri höfninni.

2. gr.

Við 29. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Öllum er óheimilt að fara í húðkeipum (kajökum) út á sjó, hvort heldur er á höfninni eða annars staðar við Vestmannaeyjar.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 29. febrúar 1952.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## AUGLÝSING

26

18. febr.

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Hafnarhrepps, nr. 159 18. júlí 1950.

I. kafli gjaldskrárinnar orðist svo:

### I. RAFORKA

Rafveita Hafnarhrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.60 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Til götu- og hafnarlýsingar um kwst.mæli á kr. 1.90 hver kwst.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á kr. 0.75 hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.00 á mánuði af 5 herbergjum hverrar íbúðar, og kr. 3.00 á mánuði af hverju herbergi umfram 5.

Til herbergja í íbúð skal telja öll íveruherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

#### C. Vélnotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.50 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 200.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til vélareksturs í verksmiðjum og frystihúsum um kwst.mæli á kr. 0.75 hver kwst.